


Guðni Geir Einarsson og Árni Sverrir Hafsteinsson



Nýtt jöfnunarlíkan

| Stjórnarráð Íslands





Núverandi líkan að stofni til frá 1990

Dæmigert sveitarfélag árið 1990 hafði 196 íbúa samanborið við 1.269 í dag (miðgildi)

Þjónustuhlutverk sveitarfélaga hefur einnig aukist mjög mikið en skemmst er að minnast yfirfærslu grunnskóla og málaflokks fatlaðs fólks

Krafa um sterkari sveitarfélög sem sinnt geta íbúum sínum frá vöggju til grafar



Hlutverk að jafna tekjur og útgjöld

Nýtt líkan býður upp á heilstæðari jöfnun þar sem ólíkar forsendur eru metnar saman

Þrjú framlög verði sameinuð í eitt

- Útgjaldajöfnunarframlag
- Tekjujöfnunarframlag
- Fasteignaskattsframlag



Fasteignaskattsframlagið

Sértækt tekjujöfnunarframlag í eðli sínu

Þegar álagningagrunni fasteignaskatta var breytt um aldamótin lækkuðu tekjur sveitarfélaga þar sem fasteignaverð var lágt

- Að óbreyttri álagningarprósentu gefinni


Núverandi framlag er skattahvetjandi, til að fá hámarks framlag þarf álagningarprósentan að vera í botni

Forsendur að mestu aðrar í dag

- Nýting sveitarfélaga á álagningahlutfalli fasteignaskatts og eftir efnum breytingar fasteignamats hafa jafnað leikinn á ný



Fasteignaskattar og -framlag á íbúa





Tekjujöfnunarframlagið

Reikniverk framlagsins hindrar að það geti kallast almennt jöfnunarframlag

Rennur að stærstum hluta til eins sveitarfélags og flest sveitarfélög fá ekkert

Stærðarmörk sveitarfélaga úreld – 300-12.000 íbúa sveitarfélög metin lík að stærð



Útgjaldajöfnunarframlagið

Byggist á mörgum pottum sem eru innbyrðis óháðir

Þannig getur sveitarfélag sem almennt þarfnast ekki stuðnings vegna lítilla útgjaldaþarfa eða hárra tekna fengið út einstaka pottum – og önnur fá þá minna

Skapar skilyrði til ofjöfnunar



Nýtt líkan

Metur saman ólíkar tekjur og ólíkar útgjaldabreytur – ekki í sitthvoru lagi

Tekur mið af stærðarhagkvæmni á fyrirsjáanlegan máta og fækkar rauðum strikum

Tekjujöfnun er almennari

Fjarlægir skattahvata í fasteignaskatti

Minnkar ofjöfnun

Eykur gegnsæi og skiljanleika jöfnunarkerfisins